

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2016/EES/21/03

nr. 3/2015

frá 25. febrúar 2015

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/160/ESB frá 20. mars 2014 um að fella úr gildi skrár yfir starfsstöðvar í þriðju löndum þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á tilteknum afurðum úr dýraríkinu sem eru samþykktar á grundvelli ákvörðunar ráðsins 95/408/EB<sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 18. lið (ákvörðun ráðsins 95/408/EB) í hluta 8.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„19. **32014 D 0160**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/160/ESB frá 20. mars 2014 um að fella úr gildi skrár yfir starfsstöðvar í þriðju löndum þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á tilteknum afurðum úr dýraríkinu sem eru samþykktar á grundvelli ákvörðunar ráðsins 95/408/EB (Stjtið. ESB L 87, 22.3.2014, bls. 104).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar 2014/160/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. febrúar 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist<sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 87, 22.3.2014, bls. 104.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.